



Erindisbréf Ásvellir, uppbygging

Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar (Haukar) hafa gert samkomulag um uppbyggingu knattþús á Ásvöllum í samræmi við lokaskýrslu sem starfshópur um uppbyggingu á Ásvöllum skilaði til bæjarráðs 21. nóvember 2019.

Hlutverk:

Framkvæmdanefndin skal vinna eftir samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Hauka um uppbyggingu knattþús á Ásvöllum og fullkanna allar tölulegar staðreyndir og kostnað vegna framkvæmdarinnar.

1. Nefndin skal koma að lokahönnun, undirbúningi og síðan framkvæmdum verksins ásamt eftirliti með framkvæmdum í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar.
2. Nefndin skal undirbúa gerð rekstrar- og þjónustusamninga um afnot, viðhald og fleiri þætti sem snúa að samstarfi milli aðila.

Skipulag:

Framkvæmdanefndin skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Nefndin skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf nefndarinnar. Framkvæmdanefndin starfar í umboði bæjarráðs.

Skipan hópsins:

Kristinn Andersen formaður, Magnús Gylfason og Jóhanna Erla Guðjónsdóttir skipuð af bæjarráði
Magnús Gunnarsson og Halldór Garðarsson skipaðir af Haukum

Með hópnum starfa: Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sviðsstjóri fjármálasviðs, íþrótt- og tómsfundafulltrúi og framkvæmdarstjóri Hauka.

Erindisbréf þetta er samþykkt í bæjarráði 8. september 2022